

42. fundur hreppsnefndar Ásahrepps var haldinn á skrifstofu Ásahrepps miðvikudaginn 8. febrúar og hófst hann kl. 09:00.

Fundinn sátu:

Brynja Jóna Jónasdóttir, Karl Ölvisson, Nanna Jónsdóttir, Egill Sigurðsson og Elín Grétarsdóttir. Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Nanna Jónsdóttir.

Dagskrá

1. Lögreglustjórinn á Suðurlandi
2. Fundargerðir
3. Erindi til hreppsnefndar
4. Næsti fundur hreppsnefndar

Gengið til dagskrár:

1. Lögreglustjórinn á Suðurlandi

Undir þessum lið mætti Kjartan Þorkelsson lögreglustjóri á Suðurlandi og Sveinn Kristján Rúnarsson yfirlögregluþjónn. Kynntu þeir embætti Lögreglustjórans á Suðurlandi og fóru yfir umfang þess.

2. Fundargerðir

a) 125. fundur skipulagsnefndar Uppsveita bs., haldinn 10. janúar sl.

Lagt fram til kynningar.

b) 11. fundur stjórnar Odda bs., haldinn 23. janúar sl.

Lagt fram til kynningar.

c) 126. fundur skipulagsnefndar Uppsveita bs., haldinn 18. janúar sl.

Lagt fram til kynningar.

d) 184. stjórnarfundur Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs., haldinn 19. janúar sl.

Lagt fram til kynningar.

e) 40. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu bs., haldinn 30. janúar sl. liður II B. þarfnast umfjöllunar.

Liður II B. Reglur um sérstakan húsnæðisstuðning

Kynnt drög að reglum um sérstakan húsnæðisstuðning. Nefndin leggur til viðbót við 9. gr., að sérstakur húsnæðisstuðningur fyrir 15-17 ára verði 60% leigu fjárhæð en þó eigi hærrí en 25 þúsund af leigufjárhæð. Einnig viðbót við 23. gr. „reglur þessar skulu endurskoðaðar að ári liðnu“.
hreppsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi tillögu fyrir sitt leyti.

3. Erindi til hreppsnefndar

a) Beiðni frá Víðsjá, rit Blindrafélagsins um auglýsingu.

Hafnað.

b) Beiðni frá Fréttablaði Alheimersamtakanna 1.tbl. 2017 um auglýsingu.

Samþykkt að kaupa styrktarlínu fyrir kl. 10.000. Bókast á lið 02-80 ýmsir styrkir.

c) Beiðni frá Garðyrkjufélagi Íslands um auglýsingu í Garðyrkjuritið og Garðinn útgáfur 2017.

Hafnað.

4. Næsti fundur hreppsnefndar

Næsti fundur hreppsnefndar verður miðvikudaginn 8. mars nk. kl. 09:00 á skrifstofu Ásahrepps.

Til kynningar:

- A. PISA-niðurstöður.
- B. Boð á samráðsfund á Suðurlandi um aðgerðir gegn ofbeldi.
- C. Morgunverðarfundur Náum áttum - umfang kannabisneyslu á Íslandi.

Hreppsnefnd

- D. 846. fundar stjórnar sambandsins.
- E. fundargerð 28. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga.
- F. Kjördæmavika Alþingismanna 13. - 17. febrúar nk. - Drög að dagskrá funda.
- G. Ný skýrsla: Lífrænn úrgangur til landgræðslu - tækifæri. Viðtal um seyru á ÍNN.
- H. Lífshlaupið 2017.
- I. Allir lesa.
- J. Ráðning sviðsstjóra á rekstrar- og útgáfusviði sambandsins.
- K. Kí Eplið - skólamál, kjaramál og margt fleira.
- L. Fréttabréf ASÍ – janúar.
- M. Nýsköpunarkeppni grunnskólanna.
- N. 252 fundargerð frá Sorpstöð Suðurlands
- O. Vegvísir samstarfsnefndar SNS og KÍ vegna FG samkvæmt bókun 1 í kjarasamningi aðila.
- P. Breytt fyrirkomulag vegna innheimtu á umsýsluþóknun í rammasamningum ríkisins- Dreifibréf til sveitarfélaga.
- Q. Kvarðinn, fréttabréf Landmælinga Íslands.
- R. Landsáætlun - 3ja ára verkefnaáætlun 2018-2020.
- S. Breytingar er varða brautskráningu úr grunnskóla áður en 10 ára skyldunámi er lokið.
- T. Þjóðskrá Íslands, rafrænt eintak fasteignaskrá 2017.
- U. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, reglur um eldvarnir og eldvarnaeftirlit.
- V. Skráning menningarminja, fornleifa, húsa og mannvirkja- skil á gögnum.
- W. Fögnum fjölbreytileikanum, Jafnréttisstofa.

Fundargerð yfirlésin, samþykkt.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 10:25

Elín Grétarsdóttir (sign)

Brynja Jóna Jónasdóttir (sign)

Karl Ölvisson (sign)

Egill Sigurðsson (sign)

Nanna Jónsdóttir (sign)